



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 27. október 2023
Tilv. 2310210/0.7.3

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands, þingskjal 242 - 239. mál

Þjóðskjalasafn Íslands sendir eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands sem liggur fyrir Alþingi. Í 5. tölul. 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn eigi ekki að gilda um Mannréttindastofnun Íslands. Er það í samræmi við að lög um opinber skjalasöfn gilda ekki um Alþingi og stofnanir þess, þ.e. Umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun. Með því að lögin gilda ekki um Alþingi og stofnanir þess er ekki nein lagaskylda um varðveislu á gögnum Alþingis og stofnana þess sem er sambærileg kröfum laga um opinber skjalasöfn. Í því samhengi er rétt að ítreka að í greinargerð frumvarps sem varð að lögum um opinber skjalasöfn kom fram að sú staða að Alþingi og stofnanir þess féllu ekki undir lög um opinber skjalasöfn legði „þá siðferðislegu skyldu á forsætisnefnd Alþingis að tryggja að skjölum Alþingis verði sinnt með ekki síðri hætti en gert er ráð fyrir að skjölum afhendingarskyldra aðila verði sinnt samkvæmt þessum lögum um opinber skjalasöfn“. Þjóðskjalasafni Íslands er ekki kunnugt um að í lögum hafi verið sérstaklega tekið á varðveislu skjala Alþingis og stofnana þess eftir að lög um opinber skjalasöfn tóku gildi árið 2014. Að mati Þjóðskjalasafns er nauðsynlegt að skerpa á ákvæðum um varðveislu og aðgengi að skjölum Alþingis og stofnana þess, svo að sambærileg ákvæði gildi um varðveislu skjala Alþingis og varðveislu skjala afhendingarskyldra aðila sem falla undir lög um opinber skjalasöfn. Þá vill Þjóðskjalasafn jafnframt benda á að nú þegar er ósamræmi í afhendingarskyldu á skjölum Alþingis til Þjóðskjalasafns Íslands. Ekki er afhendingarskylda á skjölum Alþingis og stofnana þess samkvæmt lögum en hins vegar er afhendingarskylda á skjölum rannsóknarnefnda þingsins og skjölum úr öðrum verkefnum á vegum Alþingis sem stofnað er til í samræmi við ákvæði laga. Um þetta er kveðið á í 39. gr. laga um opinber skjalasöfn og í 13. gr. laga um rannsóknarnefndir frá 2011. Hér er því í raun ósamræmi er varðar varðveislu- og afhendingarskyldu á skjölum Alþingis.

Virðingarfyllst,

Hrefna Róbertsdóttir
þjóðskjalavörður

Njörður Sigurðsson
aðstoðarþjóðskjalavörður